

Gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi.

1. gr.

Kjósarhreppur innheimtir gjald vegna hreinsunar og losunar á rotþróum í sveitarfélaginu

Fyrir hreinsun og losun rotþróa skulu sumarhúsaeigendur, íbúðarhúsaeigendur og eigendur annarra fasteigna í Kjósarhreppi er skylt er að hafa tengdar við rotþró, greiða árlegt þjónustugjald, rotþróargjald, sbr. 5. gr. samþykktar nr. 183/2007, um hreinsun og losun rotþróa í Kjósarhreppi.

2. gr.

Rotþróargjald fyrir árið 2019 skal vera kr. 11.000 og er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 33.000. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 33.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 27. nóvember 2018, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 1. nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tekur hún gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda

Kjósarhreppi 1. mars 2019

Karl M. Kristjánsson
oddviti